

Norræna félagið á Höfuðborgarsvæðinu

Samþykktir ~~(drög)~~

~~Lög þessi~~ **Samþykktir þessar** byggja á 6. og 8. – 12. grein laga Norræna félagsins sem samþykkt voru á Sambandsþingi 2. apríl 2022.

1. gr.

Norræna félagið á Höfuðborgarsvæðinu – hér eftir í ~~lögum samþykktum~~ þessum nefnt Höfuðborgardeild - er sjálfstætt félag innan Norræna félagsins á Íslandi og er með eigin stjórn, sjálfstæðan fjárhag og ~~sérstök~~ **akar samþykktir**. ~~Lög~~. Deildin varð til við sameiningu félagsdeilda Norræna félagsins í Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og Mosfellsbæ 18. Júní 2020.

2. gr.

Deildinni ber að senda sambandsstjórn skýrslu um stjórnarkjör, störf sín og ársreikninga ~~þegar~~ að loknum aðalfundi, eða í síðasta lagi fyrir ágústlok ár hvert. Skrifstofa Norræna félagsins annast innheimtu félagsgjalda fyrir Höfuðborgardeildina. Reikningsár deildarinnar er almanaksárið.

3. gr.

Aðalfundur höfuðborgardeildar skal haldinn fyrir lok ~~júní-mars~~ ár hvert og boðaður með minnst ~~sjö-14~~ daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Aðalfundur starfar samkvæmt eftirfarandi dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.

2. Skýrsla stjórnar um störf og fjárhag félagsdeildarinnar.

~~3.~~ Kosning formanns til tveggja ára þegar við á.

~~4.~~ Kosning stjórnar ~~og~~ varastjórnar fyrir næsta starfsár - eða skv. 4 gr.

~~5.~~ Kosning skoðunarmanns reikninga til eins árs-

~~65.~~ Kosning fulltrúa og varamanna á sambandsþing ~~þegar við á.~~

~~76.~~ Önnur mál.

4. gr.

Stjórn Höfuðborgardeildar skipa 7 aðalmenn og 3 varamenn. Kjósa skal helming ~~meðstjórnenda~~ stjórnarmanna árlega og alla varamenn.

Stjórnin skiptir ~~að öðru leyti~~ með sér verkum.

Gerði athugasemd [RHP1]: Samþykktir þessar - etv. betra orðalag?

Gerði athugasemd [RHP2R1]: Þurfum að samræma orðalag: lög/samþykktir

Sniðið: Íslenska

Sniðið: Norska (bókmál)

Sniðið: Sænska (Svíþjóð)

Gerði athugasemd [ID3]: Breyta og skýra sbr. athugasemd að ofan.

Sniðið: Sænska (Svíþjóð)

5. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem þurfa þykir.

Meirihluti stjórnar getur óskað eftir að stjórnarfundur verði haldinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar er mættur.

Heimilt er að boða varamenn á stjórnarfundum, þar sem þeir hafa málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Stjórnin boðar til félagsfunda svo oft sem þörf gerist.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á fundum félagsins nema um sé að ræða lagabreytingar á aðalfundi, en til þeirra þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Hafi lögbundinn aðalfundur Höfuðborgardeildar ekki verið haldinn, á sambandsstjórn-stjórn Norræna félagsins að hlutast til um að hann verði boðaður með lögmatum hætti.

7. gr.

Tillögu um að leggja niður Höfuðborgardeildina skal leggja fyrir framkvæmdaráð-stjórn Norræna félagsins til umfjöllunar.

Tillöguna ber síðan að leggja fyrir löglega boðaðan aðalfund deildarinnar til afgreiðslu og þarf samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða. Verði hún samþykkt á þeim fundi skal boða til aukaaðalfundar að 14 dögum liðnum og þarf tillagan 2/3 hluta greiddra atkvæða til að öðlast gildi. Tillögu skal kynna í aðalfundarboði með löglegum fyrirvara.

Verði Höfuðborgardeildin lögð niður skulu eignir hennar renna til Norræna félagsins.

Samþykkt á aðalfundi félagsfundis Norræna félagsins á Höfuðborgarsvæðinu, dags.10. maí 2023

Gerði athugasemd [ID4]: Má eða ætti ekki líka að vera e-
ð um að einnig er hægt að boða til stjórnarfunda ef
einhver/jir óska eftir þess eða biðja um það?

Sniðið: Sænska (Svíþjóð)

Gerði athugasemd [ID5]: Á ekki að vera neitt um
boðunarfrirvara hér? T.d. 2-3 dagar?

Sniðið: Sænska (Svíþjóð)